

129. stjórnarfundur Náttúrustofu Vestfjarða  
fimmtudaginn 14. maí 2020, kl. 13.

Fundarfólk verður í tölvu vegna Covid-19 faraldurs.

Fundargerð

Mættir á fundinn: Sigurður Árnason, Smári Haraldsson, Sigríður Gísladóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir og Guðrún Anna Finnbogadóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.  
Fundargerð 128. stjórnarfundar lögð fram til samþykktar og samþykkt.
2. Ársreikningar 2019.  
Drög að ársreikningi 2019 kynnt og farið yfir helstu liði. Ársreikningur samþykktur með fyrirvörum um umræddar breytingar.
3. Ársfundur 2020.  
Ársfundurinn verður haldinn föstudaginn 29. maí 2020 kl 13 í fjarfundi og formaður stjórnar mun boða fundinn.
4. Ársskýsla.  
Sigurður Árnason, forstöðumaður er að vinna að ársskýrslunni og starfsmenn lesa hana yfir.
5. Verkefnastaða.  
Styrkir hafa fengist úr Umhverfissjóði sjókvíaeldis fyrir verkefni um laxalús og verkefni um áhrif fiskeldis á botndýrasamfélög.  
Styrkur fékkst úr Tækniþróunarsjóði Rannís fyrir verkefni um umhverfisvæna ásætuverni.  
NAVE tekur þátt í verkefni um vöktun náttúruverndarsvæða vegna ágangs ferðamanna á vegum NÍ. Unnið er að kostnaðaráætlun.  
Mikið verður um vettvangsferðir í sumar.  
Verið að ljúka skýrslu vegna dýpkunar Ísafjarðarhafnar.  
Fiðrildagildir eru komnar upp.
6. Vettvangsvinna sumarsins.  
  
Ráðgert er að skúta verði tekin á leigu til að fara í vettvangsferðir á Hornströndum og gera mælingar í fiskeldi á sunnan- og norðanverðum Vestfjörðum. Teknar verða myndir og myndbönd í ferðunum ætlað í kynningarefni."
7. Önnur mál.  
Stefnumótunarvinna heldur áfram í haust.  
Nýsköpunarsjóður námsmanna, María Maack fékk nema sem byrjaði að starfa í dag 14. maí 2020.  
Fundi slitið 14:41

Patreksfirði 14. maí 2020  
Guðrún Anna Finnbogadóttir